

AUGLÝSING

34

25. febr.

um viðbótarákvæði við samning við Stóra-Bretland um framsal afbrotamanna,
frá 31. marz 1873.

Sendiherra Íslands og Danmerkur í London og utanríkismálaráðherra Stóra-Bretlands hafa, með erindum dagsettum 25. nóv. 1937, samkvæmt fyrirlagi ríkisstjórna sinna, orðið ásáttir um, að ákvæðin í samningnum milli Stóra-Bretlands og Danmerkur, frá 31. marz 1873 um framsal afbrotamanna, sem einnig tekur til Íslands, skuli ennfremur gilda fyrir eftirfarandi hluta Brezka Ríkjasambandsins:

Umboðsríkin: Western-Samoa, New Guinea, Nauru, Cameroon, Togoland, Palestína (ásamt Transjordan) og Tanganyika Territory. Brezk verndarríki: Bechuanaland, Gambia, Kenya, Nigeria, Northern Rhodesia, Northern Territories of the Gold Coast, Nyasaland, Sierra Leone, Salomon Islands, Somaliland, Swaziland, Uganda og Zanzibar. Landsvæði er njóta brezkrar verndar: Perak, Selangor, Negri Sembilan, Pahang, Johore, Kedak, Perlis, Kelantan, Trengganu og Brunei.

Auglýsing nr. 56 23. des. 1937, er hér með felld úr gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Í ríkisstjórn Íslands, 25. febrúar 1938.

Haraldur Guðmundsson.

LÖG

35

17. marz

um að ágreiningur milli útgerðarmanna botnvörpuskipa og sjómanna
um kaupkjör skuli lagður í gerð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í gerð skal lagður ágreiningur sá, sem nú er uppi milli Félags íslenzkra botnvörpuskipaeigenda annarsvegar og hinsvegar Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Sjómannafélags Patreksfjarðar, um ráðningarkjör á botnvörpuskipum við fiskveiðar í salt og í ís, við síldveiðar og karfaveiðar.

2. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Skulu þeir nefndir til starfans sem hér segir: Hæstiréttur skipar formann dómsins. Ennfremur tilnefnir hæstiréttur fjóra menn, en af þeim ryðja deiluaðiljar hvor sínum manni. Hina tvo skipar hæstiréttur síðan til að taka sæti í dómnum. Loks tilnefna deiluaðiljar hvor sinn mann í dómnum.

Nú ryðja deiluaðiljar, annarhvor eða báðir, ekki dómnum innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, og ryður þá dómsmálaráðherra dómnum í þess stað.